

Stjórnarfundur Myndlistarmiðstöðvar

5.03.2025

Kl. 11:30

Austurstræti 5

Boðuð á fund:

Elísabet Gunnarsdóttir, formaður, tilnefnd af listasöfnum

Pétur Thomsen, ritari, tilnefndur af Samtökum íslenskra myndlistamanna

Örn Alexander Ámundason, tilnefndur af Samtökum listamannarekinna myndlistarrýma

Aðalheiður L. Guðmundsdóttir, tilnefnd af Listfræðafélaginu

Ingibjörg Sigurjónsdóttir, tilnefnd af Menningarmálaráðherra

Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar

Fundardagskrá:

**1. Vinnureglur stjórnar og starfslýsing forstöðumanns.**

Forstöðumaður kynnir drög að vinnureglum og starfslýsingum.

Stjórnin mun fara yfir drögin fyrir næsta fund.

**2. Umræðuefni/þemu funda vetrarins.**

Fram kom tillaga um að lista niður umræðupunkta næstu funda stjórnar MM.

Eftirfarandi mál verða rædd á næstu fundum:

- Kynningarstarf erlendis
- Kynningarstarf innanlands
- Rekstarform sýningarýma, fræðsla um greiðslur til listamanna og sýningarýma.
- Vinnustofuheimsóknir: Heimsóknir íslenskra sýningarstjóra til listamanna á Íslandi.
- Tímaritið Myndlist á Íslandi og efnisleg umfjöllun á vegum MM.
- Hvað getur MM gert til að hjálpa myndlistarmönnum að kynna sig og veita betri upplýsingar um sig og verks sín.

**3. Staða á Feneyjamálum.**

Húsnæðið sem til stóð að leigja var leigt öðru landi. Nokkur önnur rými komu til greina. Ásta Fanney og Margrét Áskelsdóttir fóru í stutta ferð til að skoða þau rými sem í boði voru. Af þeim sem stóð eitt upp úr. Það samanstendur af tveimur rýmum og útisvæði. Stjórn MM list mjög vel á rýmið, bæði hvað húsnæðið varðar, staðsetningu og kostnað og samþykkir að leigja það fyrir íslenska skálann 2026.

#### 4. Önnur mál

Forstöðumaður lagði fyrir fundinn minnisblað um þau fjölmörgu verkefni sem eru á döfinni hjá miðstöðinni.

Fulltrúar Menningaráðs Reykjavíkur komu á fund til að kynna sér starf Myndlistamiðstöðvar og til umræðna um mögulegt samstarf.

Forstöðumaður óskar eftir því að stjórnarmaður taki sæti hennar í stjórn tímaritsins Myndlist á Íslandi. Stjórn samþykkir að Örn Alexander Ámundason taki sæti í stjórn tímaritsins Myndlist á Íslandi.

Hugmyndir um hagræðingu í ríkisrekstri voru ræddar. Sérstaklega hugmyndin um Listamiðstöð Íslands. Stjórnin mun afla sér gagna og fara yfir kosti og galla þess að sameina miðstöðvarnar og í framhaldinu senda frá sér yfirlýsingu.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 13:00